



Skattabreytingar 2013
Skatta- og lögfræðisvið
Deloitte ehf.

Símon Þór Jónsson
febrúar 2013



Efnisyfirlit

Lagabreytingar sem koma til framkvæmda 2013:

1. Tekjuskattur:

- a) Breytingar á fjárhæðum og skerðingarmörkum barnabóta.
- b) Skattleysi styrks til launþega vegna vistvænna ferðamáta.
- c) Skattleysi/frádráttur vegna tekna erlendis hjá útsendum starfsmönnum.
- d) Bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga um takmörkun á skattlagningu eftirgjafar skulda framlengt.
- e) Vaxtabætur hjóna þegar annað er skattskyld erlendis eins og um innlenda aðila.
- f) Frádráttur vegna leigutekna heimilaður vegna takmarkaðrar skattskyldu.

2. Milligönguaðilar (bankar) gerðir skilaskyldir á söluhagnaði vegna milligöngu fyrir erlenda aðila.

3. Virðisaukaskattur:

- a) Færslur milli skattþrepa og fleira skemmtilegt!
- b) Bráðabirgðaákvæði virðisaukaskattslaga um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuþætti framlengt.

4. Tryggingagjald.

5. Fjársýsluskattur.

6. Bland í poka.

Breytingar á skattalögum

- Lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum.
- Lög nr. 145/2012, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.
- Mismunandi gildistaka á ákvæðum.



Skatthlutfall einstaklinga – breytingar á staðgreiðslu - lækkað útsvar

Staðgreiðsla lækkar um 0,02% í öllum þrepum – lækkun meðalútsvars.

Þrepin:

- Undir kr. 2.897.703 (tekjuskattur 22,9 + meðalútsvar 14,42) 37,32%
- Kr. 2.897.703-8.874.108 (tekjuskattur 25,8 + meðalútsvar 14,42) 40,22%
- Yfir kr. 8.874.108 (tekjuskattur 31,8 + meðalútsvar 14,42) 46,22%

- **Meðalútsvar 14,42%** (lækkun um 0,02%).

Fjárhæðamörk skattþrepa taka breytingum í upphafi árs og fyrir árið 2013 er hækkunin 5%.

Persónuafsláttur einstaklinga hækkar um 4,2%.

Tekjuskattur

1. Skattleysi styrks til launþega vegna vistvænna ferðamáta.
2. Skattleysi vegna tekna erlendis hjá útsendum starfsmönnum 2013-2015.
3. Bráðabirgðaákvæði um takmarkaða skattlagningu eftirgjafar skulda framlengd.
4. Vaxtabætur hjóna þegar annað er skattskyldt erlendis eins og um innlenda aðila.
5. Frádráttur vegna leigutekna heimilaður vegna takmarkaðrar skattskyldu.
6. Almennur fjársýsluskattur – hækkun.



Styrkur til launþega vegna ferða milli heimilis og vinnustaðar – 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. TSKL

Ef vinnuveitandi greiðir kostnað starfsmanna af ferðum til og frá vinnu þá telst slíkur styrkur ekki til skattskyldra tekna að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Samningur milli launþega og launagreiðanda.
2. Almenningsamgöngur og („eða“ í skattmati) vistvænar samgöngur, þó ekki með vélknúnum ökutækjum.
3. Fjárhæð styrks ekki umfram viðmiðunarmörk samkvæmt mati RSK (7.000 kr./mán.).



Tekjur útsendra starfsmanna – bráðabirgðaákvæði LI / 51 í TSKL

Tekjur erlendis 2013-2015 hjá útsendum starfsmönnum heimilt að **undanþiggja** skattlagningu á Íslandi samkvæmt sérstakri umsókn þar um frá starfsmanninum.

Skilyrði:

1. Viðkomandi ber fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.
2. Aflað er tekna vegna vinnu erlendis samfelld í sex mánuði eða lengur.
3. Sendur af íslenskum vinnuveitanda sínum til starfa á erlendri grundu.
4. Dvelur ekki hér á landi í meira en 6 daga í hverjum mánuði allan ráðningartímann eða samtals lengur en 36 daga miðað við hálf t ár eða 72 daga miðað við heilt ár.
5. Heimilt að taka tillit til hinna erlendu tekna þegar tekjuskattur er reiknaður á aðrar tekjur.
6. Tvísköttunarsamningar taka yfir ef Ísland á skattlagningarréttinn (þá ekki undanþága).

Vaxtabætur – hjón ekki samvistum – 7. mgr. B-liðar 68. gr. TSKL

Vaxtabætur hjóna þegar einungis annað er skattskyldt hér á landi skal ákvarða eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja.



Takmörkuð skattskylda – kostnað af íbúðarleigu erlendis nú heimilt að draga frá íbúðarleigutekjum á Íslandi

Ótakmarkað skattskyldir - 3. mgr. 30. gr. TSKL

- „Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt að draga frá þeim tekjum húsaleigugjöld af íbúðarhúsnæði til eigin nota. Frádráttur þessi leyfist eingöngu á móti leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið til útleigu“.

Takmarkað skattskyldir þurftu að greiða skatt af 70% leigutekjum af íbúðarhúsnæði, **án þessa frádráttar!**

- Braut sennilega í bága við ákvæði EES-samninginn.
- Nú var samþykkt ákvæði til að leysa úr þessu, sbr. nú a-lið 5. tl. 70. gr. TSKL:
 - „Þegar um er að ræða leigutekjur manns af íbúðarhúsnæði er heimilt að taka tillit til frádráttar skv. 3. mgr. 30. gr.“
- Útvíkkun reglu ekki bundin við EES-svæðið.

Milligönguaðilar skilaskyldir skv. lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda – sjá nú 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgr. op. gjalda

- Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996, gilda einungis um þá sem bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi
- Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, gilda hins vegar um staðgreiðslu fjármagnstekna þeirra sem bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi.
- Úrskurður yfirskattanevndar nr. 138/2010 var kveikjan að þessari breytingu.
- Milligönguaðilum (bönkum, og öðrum fjárvörsluaðilum) ber nú að **halda eftir staðgreiðslu** af söluhagnaði hlutabréfa erlendra aðila.



Barnabætur – skerðingarmörk og fjárhæðir

	<u>2012</u>		<u>2013</u>	
	Hjón/ sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar	Hjón/ sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar
Með fyrsta barni	152.331 kr.	253.716 kr.	167.564 kr.	279.087 kr.
Með hverju barni				
umfram eitt	181.323 kr.	260.262 kr.	199.455 kr.	286.288 kr.
Hækkun vegna barna				
yngri en 7 ára	61.191 kr.	61.191 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.

Við ákvörðun barnabóta eru skerðingarmörk sameiginlegs tekjuskattsstofns...

- ...hjóna kr. 4.800.000 og
- ...einstæðra foreldra kr. 2.400.000.

Framlenging bráðabirgðaákvæða

1. Bráðabirgðaákvæði vegna endurgreiðslu **vsk.** af vinnuþætti **framlengt út árið 2013 (100% endurgreiðsla).**
2. Bráðabirgðaákvæði um takmarkaða tekjufærslu eftirgjafar skulda rekstraraðila framlengd út árið 2013.
3. Bráðabirgðaákvæði um takmarkaða tekjufærslu eftirgjafar skulda einstaklinga vegna veðskulda og bílasamninga framlengd út árið 2013.



Bráðab.ákv. um eftirgjöf skulda atv.rekstrar (XXXVI / 36) - upprifjun

- Yfirfæranlegt rekstrartap jafnað áður en fjárhæð skattskyldrar eftirgjafar er ákvörðuð.
- Heimilt að tekjufæra aðeins 50% eftirgjafar allt að 50 m.kr., **50% telst því ekki til tekna.**
- Heimilt að tekjufæra aðeins 75% eftirgjafar yfir 50 m.kr., **25% telst því ekki til tekna.**
- Heimilt að fyrna eignir skv. 33 gr. tsl. um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum eftirgjafar á tekjuári eftirgjafar.
- Ef engar fyrnanlegar eignir þá heimilt að færa eftirgjöf til tekna með jöfnum fjárhæðum á næstu 3 árum frá og með tekjuári eftirgjafar.
- Gildir ekki um eftirgjöf á milli móður- og dótturfélaga, NEMA ef um er að ræða fjármálafyrirtæki sem hefur tekið yfir félag til að tryggja fullnustu kröfu.
- Umbreyting gengislána í ISK telst skilmálabreyting, ekki eftirgjöf, jafnvel þótt höfuðstóll lækki. Skilyrði að breytingin sé gerð á málefnalegum forsendum og lánskjör miðist við almenn lánskjör. Sama gildir ef vísitölu lána er breytt eða hluti af uppreiknuðum höfuðstól lána er felldur niður.

Dæmi (XXXVI / 36):

Skattaleg meðferð eftirgjafar	m. kr.
Eftirgjöf skuldar	100
Rekstrartap ársins / yfirfært tap	40
Eftirgjöf að frádragnum rekstrartapi	60
Frá dregst 50% af 50 m.kr.	25
Samtals	35
Frá dregst 25% eftirgjafar umfram 50 m.kr.	2,5
Skattskyldar tekjur	32,5
Á móti tekjufærslu má fyrna eignir niður í 10%	
Það sem eftir stendur má færa til tekna á 3 árum	

Bráðab.ákv. um eftirgjöf skulda atv.rekstrar (XLIV / 44) - upprifjun

Eftirgjafir skulda vegna greiðsluerfiðleika 2010 og 2011 (viðbót 2012-2013) verður heimilt að færa á milli 2010 til og með 2014, þ.e. þann hluta sem er umfram yfirfæranlegt tap (+rekstrartap ársins)

Skilyrði:

1. Full fyrning eigna auk hámarksniðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða.
 2. Arði ekki úthlutað vegna 2010 til og með 2014.
- Ef eftirgjöf í árslok 2014 er hærri en 500 millj. kr. er heimilt að færa það sem umfram er til tekna næstu fimm árum.
 - Ef eftirgjöfin í árslok 2014 er lægri en 500 millj. kr. þá fellur tekjufærsla niður.

RSK getur veitt heimild til samsköttunar, sameiningar eða skiptingar þegar svo stendur á.



Dæmi (XLIV / 44):

Skattaleg meðferð eftirgjafar	m. kr.
Eftirgjöf skuldar	650
Rekstrartap ársins / yfirfært tap 2010	100
Eftirgjöf að frádregnu rekstrartapi	550
Árin 2011-2014 er hagnaður – eftirgjöf telst ekki til tekna fyrr en 2014	550
Samtals telst til tekna og skiptist niður á árin 2015-2019	50
Skattskyld eftirgjöf hvert ár (2015-2019)	10
Skattskyldar tekjur	50
Skylt að nýta allar fyrningar og niðurfærslur vörubirgða og viðskiptakrafna	
Óheimilt að úthluta arði 2010-2014	

Takmarkanir á umbr. skulda í hlutafé – bráðab.ákv. (XXXVI / 36) - upprifjun

Þegar kröfu er breytt í hlutafé í skuldsettu félagi í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar. Aðilar geta samið um niðurfellingu á hluta kröfunnar áður en slík greiðsla með hlutafé er innt af hendi.

Sé skipt á kröfu og hlutafé **SKAL**

1. Meta verðmæti hlutafjár
2. Matsverðið skal miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað
3. **Skuldara ber að tekjufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar.**
4. **Kröfuhafa ber eftir atvikum að gjaldfæra eða tekjufæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins.**
5. Mat á verðmæti hlutafjár skal unnið af óháðum matsaðila þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram á milli **eignatengdra aðila.**

Aðrar málsgreinar bráðabirgðaákvæðis 36 um takmörkun tekjufærslu – bráðabirgðaákvæði 44 um takmörkun tekjufærslu.

Bráðabirgðaákvæði um eftirgjöf skulda einstaklinga (XXXVII / 37) - upprifjun

- Í stað fullrar tekjufærslu á eftirgjöf veðskulda utan atvinnurekstrar og skulda vegna bílasamninga er heimilt að telja ekki til tekna allt að samtals 15 millj. kr. (hjón allt að samtals 30 millj. kr.) vegna greiðsluerfiðleika á tekjuárunum 2009-2011 og **2012-2013**.
- Ef hærri eftirgjöf, þá tekjufæra aðeins 50% að hámarki 30 millj. kr. (hjón 60 millj. kr.).
- Ef eftirgjöf umfram 30 millj. kr. (hjón 60 millj. kr.) þá tekjufærist 75%.
- Á ekki við um eftirgjöf á upprunalegum höfuðstól að teknu tilliti til afborgana
- Heimilt að fresta tekjufærslu í tvö ár frá og með því ári sem skuld er gefin eftir.
- Heimilt að færa eftirgjöfina til tekna í næstu 5 skattframtölum frá og með eftirgjafarári eða frá og með því ári þegar tveggja ára frestunartímabili lýkur.
- Hægt að sækja um til RSK lækkun eða niðurfellingu að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Virðisaukaskattur

- Þrjár breytingar er varða skatthlutföll:
 1. Aðgangseyrir að íslenskum kvikmyndum skattskyldur í 25,5%:
 - **Gildistaka 1. janúar 2013.**
 2. Smokkar, margnota bleiur og bleiufóður sett í lægsta þrep vsk. eða 7%:
 - **Gildistaka 1. janúar 2013 (smokkar) og 1. júlí 2013 (bleiur).**
 3. Gisting sett í nýtt miðþrep vsk. eða 14%:
 - **Gildistaka 1. september 2013.**
 - *Gildistökuákvæðið segir að það öðlist gildi 1. september 2013 og taki til afhendingar og útleigu hótél- og gistiherbergja og annarrar gistipjónustu frá og með þeim degi.*
 - *Hvað ef greitt er fyrir þjónustu og reikningur þá gefinn út fyrir gildistöku?*

Almennur fjársýsluskattur skv. lögum nr. 165/2011 - hækkun

- Almennur fjársýsluskattur er lagður á allar tegundir launa hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum auk íbúðarlánasjóðs.
- Hækkun úr 5,45% í 6,75% - tók gildi 1. janúar 2013.



Breytingar er varða lífeyrissjóði

Stóð til að leggja **0,0814% gjald á lífeyrissjóði bæði árin 2012 og 2013.**

- Skattstofninn átti að vera **hrein eign til greiðslu lífeyris** eins og hún er í lok næstliðins árs).
- **Fallið frá** með ákvæði í lögum nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Tímabundin heimild til **úttektar séreignarsparnaðar** var **framlengd** til 1. janúar 2014.



Tryggingagjald

Lækkun tryggingagjalds úr 7,79% í 7,69%.

Gjalddagi ógreidds tryggingargjalds, sem RSK ákvarðar vegna hlunninda, og tryggingagjalds, sem undanþegið er staðgreiðslu, verður nú:

- 1. ágúst hjá einstaklingum og eindagi mánuði síðar.
- **1. nóvember hjá lögaðilum** og eindagi mánuði síðar .

Var 1. ágúst hjá öllum áður.



Vörugjöld af bílum - bílaleigur

Dregið hefur verið úr þeim afslætti sem bílaleigur hafa notið af vörugjaldi á ökutækjum.

Vörugjald:

- **Vörugjald hækkar um 5%** í flestum gjaldbílum – *gildir almennt*
- Hámarks**lækkun vörugjalds bílaleiga per bifreið lækkar** úr 1.250.000 kr. í 750.000 kr.
- Þá skulu bílaleigur sem hyggjast nýta lækkun á vörugjaldi standa skil á **leyfisgjaldi bílaleiga** sem njóta lækkaðra vörugjalda áður en lækkun vörugjalda er veitt.

Leyfisgjald bílaleiga:

- 1) Leyfisgjald nemur 1.750.000 kr. vegna innflutnings á allt að 35 ökutækjum.
- 2) 3.750.000 kr. vegna innflutnings á allt að 250 ökutækjum.
- 3) 6.750.000 kr. vegna fleiri en 250 ökutækja.

Bráðabirgðaákvæði um bílaleigur:

Bílaleigu er heimilt á árinu 2013 að selja 20% af þeim fjölda ökutækja sem voru í eigu bílaleigunnar 1. janúar 2013 án þess að komi til uppgreiðslu á mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar, hafi seld ökutæki verið í eigu bílaleigunnar í a.m.k. sex mánuði og hafi á þeim tíma verið ekið a.m.k. 20 þús. km. (Almenna reglan segir hins vegar 15 mánuðir).

Bland í poka

- Kolefnisgjald á flugvéla- og þotueldsneyti **fellt brott** (var í raun einungis á innanlandsflugi).
- Skattur af seldri raforku **hækkar** úr 0,12 kr. á hverja kílóvattstund (kWst) í 0,126 kr. og **framlengist** til 31. des 2015. Lögin áttu að vera tímabundin og falla úr gildi 31. des 2012.
- Áfengisgjald á sterku víni **hækkar** um tæp 5% og tóbaksgjald á neftóbaki hækkar um 100% og á almennu tóbaki um 20%.
- **Hækkun** á gjöldum vegna útgáfu vegabréfa frá 6-10%.
- **Felld brott heimild til 85% endurgreiðslu** olúugjalds vegna almenningsvagna í áætlunarferðum en endurgreitt í staðinn vegna rekstrar almenningsvagna sveitarfélaga 57% 2013 og 29% 2014.
- Gjald í framkvæmdastjóð aldraðra **hækkar um 4,6%; úr 9.182 kr. í 9.604 kr.**
- Stimpilgjald vegna skilmálabreytinga eða skuldbreytinga lánasamninga vegna fasteigna eða bíla **fellt niður** (var bráðabirgðaákvæði).
- **Hækkun** sóknargjalda í 728 kr.

Deloitte.

“Deloitte” is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.